

solidum allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 15 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærða Þorvarðar Guðnasonar sé 15 mánaða betrunarhúsvinna. Akærðu greiði og in solidum allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirdómsmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júnímán.

Nr. 25/1913.

Valdstjórnin

gegn

Eggert Bjarnasyni.

D ó m u r :

Með lögregluþingsdómi Reykjavíkurkaupstaðar uppkveðnum 19. febr. þ. á., var Eggert Bjarnason sjómaður

í Reykjavík dæmdur í 200 kr. sekt til landssjóðs fyrir brot á 1. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi og til að greiða allan kostnað málsins. Dómi þessum hefir stjórnarráðið áfryjað til yfirdómsins.

Það er með skýslum málsins, þar á meðal játningu kærða, sannað, að hann hafi 20. okt. f. á. keypt út á gufuskipinu Ingólfi, er þá lá á Norðfirði, af bryta skipsins 10 potta af brennivíni fyrir 1 kr. pottinn á kút, er hann hafði með sér, og haft brennivínið með sér á land. Notaði ákærði vín þetta til drykkjar.

Í upphafi 1. gr. nefndra laga segir svo: »Engan áfengan drykk má flytja til Íslands til annara nota en þeirra, sem getið er um í 2. gr., og farið sé með eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum«, og er kærði talinn sekur um brot á þessu ákvæði. Orðin »flytja til Íslands« í þessari málsgrein verður eftir almennri málvenju og lagamáli. sbr. tolllög 8. nóv. 1911, 2. gr., að skilja svo, að þau taki til hafna á Íslandi eigi síður en þurlendis. Aðflutningi á ofangreindu áfengi verður því að teljast hafa verið lokið, þegar skipið Ingólfur hafnaði sig á Norðfjarðarhöfn eða skipalegu. Með því að ekkert er fram komið um það í málinu, að kærði hafi pantað áminst vín frá útlöndum eða á annan hátt átt þátt í aðflutningi þess, en það verður að ætla, eins og gert er ráð fyrir í dómnum, að vínið hafi verið selt af skipsforðanum, þá verður kærði eigi talinn sekur um brot það, er hann er átalinn fyrir, sbr. og 5. gr. aðflutningsbannslaganna 30. júlí 1909, og ber því að sýkna hann í máli þessu af kæru valdstjórnarinnar. Allan málskostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda

við yfirdóminn, 12 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafé.

Við meðferð málsins fyrir lögregluréttinum athugast það, að vottorð vantar í dóminn samkvæmt tilskipun 3. júní 1796, 35. gr., um lögmæti málsmeðferðarinnar fyrir undirdóminum, en að öðru leyti hefir rekstur málsins verið vítalaus. Málfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði Eggert Bjarnason á að vera sykn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli. Sakarkostnaður allur, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens., 12 krónur til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Mánudaginn 30. júnímán.

Nr. 41/1911

Bátaabyrgðarfélag Vestmanneyja
gegn

Einari Jónssyni, Sigmundi Finnsyni, Árna Filippussyni, Tómasi M. Guðjónssyni, Ólafi Jónssyni og Magnúsi Þórðarsyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í héraði höfðað fyrir aukarétti Vest-